

Nd. **392. Frumvarp til laga** [181. mál]
um breyting á lögum nr. 61 31. maí 1947, um váttryggingarfélög fyrir fiskiskip.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961—1962.)

1. gr.

35. gr. laganna orðist svo:

Váttryggingarfélög, sem starfa samkvæmt lögum þessum, eru undanþegin eignar- og tekjuskatti til ríkissjóðs og gjöldum til sveitarfélaga, nema fasteignaskatti og aðstöðugjaldi samkv. II. og III. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frv. til laga um tekjustofna sveitarfélaga felst, að váttryggingafélög samkv. lögum nr. 61/1947 skuli gjalda fasteignaskatt og aðstöðugjald samkv. II. og III. kafla frv. Þykir heppilegt að breyta lögum nr. 61/1947 til samræmis við greind ákvæði frv. til laga um tekjustofna sveitarfélaga. Um vatnsskatt, holræsagjald, gangstéttagjald eða önnur slík gjöld gildir að sjálfsögðu sama og um fasteignaskatta.

Um álagningu gjalda á árinu 1962 fer samkvæmt því, er segir í frumvarpinu. Að öðru leyti þarfnast frv. ekki skýringa.